

## Deildarkeppni festing leikjahelga 2 deild og neðar í deildarkeppni BLÍ

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

3. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í 1. deild og í Deildakeppni

3.4. Í Deildakeppninni (2. deild og þar fyrir neðan) er leikið í 3 helgarmótum og skulu þau haldin eftirtaldir helgar, helgarmót 1, haldið fyrstu helgi í nóvember, helgarmót 2, haldið í janúar og alltaf helgina fyrir bóndadag, helgarmót 3, haldið 2 helgi í mars (Helgi er þegar bæði laugardagur og sunnudagur er innan mánaðarins). Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.6. Á 1. og 2. helgarmóti skal spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptast þeir leikir á þessar 2 helgar. Á 3. móti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í viðkomandi deild en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um B deildarmeistaratitil. Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppinnar. Þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild) og 3 neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan (sjá þó gr 3.1).

### Rökstuðningur

*Festing helga fyrir helgarmót er til að þeir sem ætla keppa get planað inn í dagatalið hjá sér tímanlega þannig rekist ekki saman við annað.*

*Það lá tillaga fyrir síðasta ársþingi að festa helgar þar sem fyrsta mótinu var flýtt vegna landsleikja en var ákveðið að sleppa því þar sem þetta var víst sérstakt, en svo var sama uppá teningnum í ár og margir misstu af fyrstu túnneringunni aftur þetta haustið og er það ástæða þess að verið er að leggja þessa tillögu fram.*